

Mannvit hf
Axel Valur Birgisson
Grensásvegi 1
108 Reykjavík

Reykjavík, 9. júlí 2014
Tilvísun: 201405004 / 5.2

Efni: Kísilmálmverksmiðja Thorsil í Helguvík, Reykjanesbæ. Ársframlaiðsla allt að 110.000 tonn. Ákvörðun um matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun um allt að 110.000 tonna ársframlaiðslu Thorsil ehf. á kísli í Helguvík, Reykjanesbæ.

Mannvit hf. sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 26. maí 2014 ásamt tillögu að matsáætlun:

Thorsil ehf. Kísilmálmverksmiðja í Helguvík í Reykjanesbæ. Ársframlaiðsla allt að 110.000 tonn. Mannvit, maí 2014.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Reykjanesbæ, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Mannvirkjastofnun, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands og Vinnueftirliti ríkisins. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Reykjanesbæ með tölvupósti dags. 19. júní 2014, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 13. júní 2012, Mannvirkjastofnun með bréfi dags. 13. júní 2014, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19. júní 2014, Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 10. júní 2014 og Vinnueftirliti ríkisins með bréfi dags. 6. júní 2014. Ein athugasemd barst frá Herði Einarssyni dags. 13. júní 2014. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með tölvupóstum dags. 16. og 25. júní 2014.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Mannvits hf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem framkvæmdaraðili setti fram í svörum við umsögnum og athugasemd auk eftirfarandi athugasemda.

Loftgæði

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands um að Thorsil verði að leggja fram loftdreifingaspá vegna fyrirhugaðrar starfsemi sinnar sem sýni losun og dreifingu ryks, brennisteinstvíoxíðs, köfnunarefnissambanda og kolmónoxíðs. Einnig leggur Skipulagsstofnun áherslu á að í frummatsskýrslu verði fjallað um möguleg samlegðaráhrif Thorsil með fyrirhugaðri verksmiðju S9 og álvers Norðuráls í næsta nágrenni og geri grein fyrir samlegðaráhrifum verksmiðjanna á

loftgæði. Brýnt er að gera grein fyrir styrk framangreindra efna og hvort afmarka þurfi þynningarsvæði til að þau haldist innan viðmiðunarmarka reglugerðar nr. 251/2002.

Úrgangur og mengunarefni

Nauðsynlegt er að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir öllum úrgangi og losun mengunarefna frá starfseminni. Brýnt er að aðskilja umfjöllun um fastan, fljótandi og loftborinn úrgang í frummatsskýrslu. Gera þarf grein fyrir förgun alls úrgangs eftir uppruna og flokkum. Nauðsynlegt er að birta töflu yfir helstu mengunarefni í frummatsskýrslu þar sem komi fram uppruni mengunarefnanna, magn mengunarefna á hvert framleitt tonn afurða sem og heildarmagn mengunarefna sem losuð eru á hverju ári. Í ljósi umsagnar Umhverfisstofnunar þarf einnig að gera grein fyrir kornastærð ryks sem verksmiðjan losar bæði í útblæstri og við meðhöndlun hráefnis.

Pungmálmar og þrávirk lífræn efni

Í ljósi umsagnar Umhverfisstofnunar er brýnt að í frummatsskýrslu komi fram upplýsingar um heildarlosun þungmálma frá verksmiðjunni. Gera þarf grein fyrir hvaða mengandi efni geta borist yfir nærliggjandi byggð og hvernig búast megi við að mengun dreifist yfir nærliggjandi hverfi, þ.e. verstu hugsanlegu loftmengun þar sem ekki væri um bilun í hreinsibúnaði að ræða.

Brennanleg efni og slökkvilið

Í ljósi umsagnar Mannvirkjastofnunar er brýnt að í frummatsskýrslu verði fjallað ítarlega um meðferð, geymslu og flutning brennanlegra og/eða sprengifimra efna í frummatsskýrslu. Einnig verði lagt mat á hvort slökkviliðið á svæðinu hafi yfir að ráða nægjanlegum mannafla og búnaði til að geta brugðist við bruna eða mengunarslysum ef þau eiga sér stað í verksmiðju Thorsil. Reynist slökkviliðið ekki nægjanlega öflugt þarf að gera grein fyrir því hvernig fyrirtækið hyggst bregðast við því.

Vatnsnotkun og fráveita

Í ljósi umsagnar Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Veðurstofu Íslands er brýnt að í frummatsskýrslu verði gerð ítarleg grein fyrir vatnsnotkun vegna verksmiðjunnar sem og hugsanlegri mengun vatns vegna starfseminnar. Einnig verði gerð grein fyrir fráveitumannvirkjum verksmiðjunnar ásamt upplýsingum um lagnaleið fráveitulagna til sjávar.

Hljóðstig.

Gera þarf grein fyrir hljóðstigi frá starfsemi Thorsil, hvort ráðast þurfi í aðgerðir til að það verði innan marka reglugerðar um hávaða og hvert verði hljóðstig við næstu íbúðar- og frístundahús í nágrenni við verksmiðjuna.

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit sent Reykjanesbæ, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Mannvirkjastofnun, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Vinnueftirliti ríkisins og Herði Einarssyni.